

Reglur um símanotkun

Sáttmáli um símanotkun var unninn á skólaþingi sem haldið var í Setbergsskóla 7. maí 2022, af starfsfólki, nemendum og foreldrum. Í kjölfar þess voru reglur um símanotkun endurskoðaðar út frá því sem þar kom fram. Allir innan skólans bæði nemendur og starfsfólk á að fara eftir skólareglum um síma og sýna ábyrga notkun. Leitast er við að hafa reglurnar einfaldar og auðvelt að fylgja eftir enda var vilji skólaþings að svo væri.

Allir:

- Meginreglan er að símar eiga að vera stilltir á þögn á skólatíma. Símar eiga vera í tösku (ekki í vasa).
 - Snjallúr skulu þannig stillt á skólatíma og í frístund að þau gefi ekki frá sér hljóð og ekki sé hægt að hringja í þau eða úr.
- Með öllu er óheimilt að taka myndir eða taka upp efni nema með sérstöku leyfi. Verði nemandi uppvís af því að taka upp efni án leyfis eru foreldrar/forráðmenn kallaðir til og nemandi látinn eyða efninu.
- Í ferðum á vegum skólans er nemendum ekki heimilt að vera með síma nema annað sé tilgreint í ferðaáætlun.

Yngsta stig:

- Komi nemendur í 1. – 4. bekk með farsíma í skólann skulu þeir geymdir í töskum og slökkt á þeim.

Miðstig:

- Komi nemendur í 5. – 7. bekk með farsíma í skólann skulu þeir geymdir í töskum og slökkt á þeim.

Unglingastig:

- Komi nemendur í 8. – 10. bekk með farsíma í skólann skulu þeir geymdir í töskum/skáp og slökkt á þeim.
- Nemendur mega vera með síma í frímínútum og eyðum á sérmerktum svæðum; hlusta, leika og grúska.
- Nemendur mega hringja úr símum sínum í anddyri unglingadeildar.

Reglur og afleiðingar:

- Það er á ábyrgð allra að framfylgja reglum um símanotkun.
- Ef nemandi fer ekki eftir fyrirmælum varðandi símanotkun hefst eftirfarandi ferli:
 - Miðað er við að nemandi hafi tvö tækifæri til að fara eftir reglum áður en haft er samband heim. Hakað er við „brot á símareglum“ í mentor.
 - Ef brotin eiga sér stað í sömu viku ef haft samband heim. Kennarar og eftir atvikum stjórnendur fylgja eftir.
 - Ef nemendur virða ekki símareglur er gerður samningur þar sem forráðamönnum gefst kostur á að gefa starfsfólki heimild til að taka síma af nemanda. Að öðrum kosti komi forráðamenn í skólann og taki símann með heim.
 - Símanotkun nemenda er alltaf á ábyrgð forráðamanna.

Starfsfólk:

- Allt starfsfólk skal virða reglurnar, sýna gott fordæmi og nota jákvæða orðræðu og skilaboð; þú mátt vera í símanum á þessu svæði vs. það er bannað að vera með símann hér.
- Þeir sem eru á frímínútnagæslu þurfa að fylgjast sérstaklega vel með símanotkun nemenda.
- Kennarar og annað starfsfólk skulu vera samstíga um að nemendur fylgi reglunum.

Foreldrar:

- Foreldrar ræði við börn sín um reglur skólans varðandi símanotkun.
- Foreldrar noti ekki símann til að hafa samskipti við barnið á meðan barnið er í skólanum.
- Fylgjast með símanotkun barna sinna og hvernig þau nota símann.

Hvorki nemendur né starfsfólk skal hafa kveikt á hringingu sinna farsíma á skólatíma eða nota þá á nemendasvæðum.